

FUNDARGERÐ

Miðvikudaginn 6. júní 2012 kl. 14:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsakynnum innanríkisráðuneytis. Fundurinn fór fram í Tómtúsi, fundarherbergi á 4. hæð Sölvhólgötu 7, Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðmundur Bjarnason formaður, Bjarni Jónsson, Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir, ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Elínu Pálsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Halldóri V. Kristjánssyni. Björk Þorsteinsdóttur var fjarverandi.

Guðmundur Bjarnason, formaður, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

FUNDARGERÐIR

Lagðar voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerðir frá fundi ráðgjafarnefndar 20. apríl og símafundi 26. apríl 2012. Fundargerðirnar voru samþykktar án athugasemda og undirritaðar.

UPPGJÖR Á FRAMLAGI FRÁ RÍKI 2011

Lagt var fram til kynningar uppgjör Fjársýslu ríkisins, dags. 18. apríl 2012, á framlagi ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna ársins 2011. Þar kemur fram að um ofgreiðslu framlags að fjárhæð 140,9 m.kr. hafi verið að ræða og kemur sú fjárhæð til lækkunar á ríkisframlaginu í ár. Lækkunin mun ekki hafa áhrif á áætlaða úthlutun framlaga til sveitarfélaga á árinu 2012 sem þegar hefur verið birt. Bundnu framlögin til sambandsins og landshlutasamtaka munu hins vegar lækka í réttu hlutfalli af ofgreiðslunni.

HÚSAFRÍÐUNARSJÓÐUR

Úthlutun styrkja árið 2012

Lagt var fram til kynningar bréf Húsafríðunarnefndar, dags. 20. mars 2012, ásamt lista yfir úthlutun styrkja úr Húsafríðunarsjóði á árinu 2012. Listi með nöfnum styrkþega er birtur í samræmi við ákvæði 7. gr. reglna um úthlutun úr húsafríðunarsjóði, sem samþykktar voru af menntamálaráðherra 28. janúar 2009.

FRAMLÖG VEGNA FJÁRHAGSERFIDLEIKA

Innanríkisráðuneytið - Sandgerðisbær

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi innanríkisráðuneytis, dags. 1. júní 2012, ásamt drögum að fyrirhuguðu samkomulagi milli innanríkisráðherra og bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit á grundvelli 83. gr. laga nr. 138/2011.

Gert er ráð fyrir að bæjarstjórn ráði sérfræðing sem verði tímabundið bæjarstjórn til aðstoðar og ráðgjafar við undirbúning þeirra fjármálalegu aðgerða sem koma fram í samkomulaginu. Hlutverk innanríkisráðherra samkvæmt samkomulaginu er að beita sér fyrir því að úthlutað verði úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga framlagi til greiðslu kostnaðar við störf sérfræðingsins. Með tilvísun til þessa er óskað eftir framlagi sem nemur allt að 6,0 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að verða við beiðni innanríkisráðherra um úthlutun framlags að fjárhæð allt að 6,0 m.kr. vegna fjárhagslegra aðgerða í Sandgerðisbæ á grundvelli b-liðar 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010 og samkomulags þar um.

Sveitarfélagið Skagafjörður

Á fundi ráðgjafarnefndar 20. apríl sl. var lögð fram til kynningar beiðni Sveitarfélagsins Skagafjarðar um aðkomu Jöfnunarsjóðs að úttekt á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Nefndin samþykkti að leggja til að leitað yrði umsagnar EFS um beiðni sveitarfélagsins.

Samkvæmt upplýsingum frá EFS mun umsögn nefndarinnar liggja fyrir eftir fund síðar í júní.

Bréf EFS vegna málefna Bolungarvíkurkaupstaðar

Lagt var fram til kynningar bréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, dags. 25. apríl 2012, til Íbúðalánasjóðs vegna málefna Bolungarvíkurkaupstaðar. Þar kemur m.a. fram að þann 7. október 2008 hafi Bolungarvíkurkaupstaður og Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga gert með sér samning og á grundvelli hans hafi verið unnið að greiningu á þáverandi fjárhagsvanda sveitarfélagsins og forsendum fyrir rekstri þess.

Ráðgjafarnefndin samþykkti tillögu til ráðherra um úthlutun framlags að fjárhæð 67,0 m.kr. Sá fyrirvari var þó hafður á samþykki nefndarinnar að sú heildarlausn á fjárhagsvanda sveitarfélagsins sem stefnt væri að næði fram að ganga.

Í bréfi EFS til ráðgjafarnefndarinnar, dags. 23. febrúar 2009, kemur fram að allir aðilar sem komu að lausn mála hafi gert samþykktir varðandi Bolungarvík sem væru viðunandi að mati nefndarinnar og því var óskað eftir að framlagið kæmi til greiðslu í tvennu eða þrennu lagi og gekk það eftir.

Hluti af þeirri heildarlausn sem að framan greinir var aðkoma Íbúðalánasjóðs með afskrift 146 m.kr. eða 50% af skuldum sveitarfélagsins eins og þær voru í ársbyrjun 2009. Samþykkt var að afskrifa strax 73 m.kr. og að afborganir af skuldum að fjárhæð 73 m.kr. yrðu frystar í eitt ár. Að því loknu yrði málið tekið til endurskoðunar í samráði við EFS.

Síðari niðurfærslan hefur ekki gengið eftir þrátt fyrir fyrirheit þar um. Með tilvísun til þess hefur ekki reynst unnt að standa við samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu Bolungarvíkurkaupstaðar samkvæmt samningi, dags. 7. október 2008 og viðbótarsamningi, dags. 17. febrúar 2009 sem var grundvöllur samkomulags aðila um þátttöku í aðgerðum á sínum tíma.

Í umfjöllun ráðgjafarnefndar um málið kom fram að það væri lítið alvarlegum augum að Íbúðalánasjóður hefði ekki staðið við samþykki sitt um aðkomu að fjárhagslegri endurskipulagningu í Bolungarvíkurkaupstað þar sem aðkoma annarra aðila hafi verið undir því komin að sú heildarlausn á fjárhagsvanda sveitarfélagsins sem að var stefnt næði fram að ganga.

JÖFNUN Á TEKJUTAPI VEGNA FASTEIGNASKATTS

Tillaga að áætluðu uppgjöri framlaga 2012

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætluðu uppgjöri framlaga til jöfnunar á tekjutapi vegna lækunar tekna a fasteignaskatti, skv. reglugerð nr. 80/2001. Áætlað uppgjör er byggt á endurskoðuðu fjármagni til ráðstöfunar á árinu að fjárhæð 2.930,3 m.kr.

Við yfirferð uppgjörins kom fram að hlutfallsleg skipting fasteignaskattsstofna milli Ásahrepps og Rangárbings ytra væri sú sama og á síðastliðnu ári í útreikningi framlagsins.

Við útreikninginn er tekið tillit til niðurfellingar fasteignaskattstekna Reykjanesbæjar vegna Ásbrúar/Vallarheiði að fjárhæð 13,8 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að úthlutun framlags og áætlað uppgjör á árinu 2012 til jöfnunar á tekjutapi í kjölfar breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts væru aðlöguð að áætluðu fjármagni til ráðstöfunar á árinu og næmu samtals 2.930,3 m.kr.

Við tillögugerð að úthlutun og uppgjöri framlagsins til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Akureyrarkaupstaðar og Vopnafjarðarhrepps viku nefndarmennirnir Bjarni Jónsson, Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hvert fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

FRAMLÖG TIL SÉRSTAKRA VERKEFNA

Landshlutasamtök vegna samstarfsverkefna í tengslum við sóknaráætlanir landshluta

Á fundi ráðgjafarnefndar 27. október 2011 var samþykkt að 25 m.kr. verði til ráðstöfunar árlega hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árin 2012, 2013 og 2014, til að koma til móts við kostnað

landshlutasamtakanna hvað framkvæmd þeirra samstarfsverkefna varðar sem samtökin hafa tekið að sér í kjölfar samninga við ríki þar um og varða hagsmuni allra sveitarfélaga á starfssvæði þeirra.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að óskað væri eftir upplýsingum um framangreind verkefni landshlutasamtakanna á árinu 2012. Þegar þær upplýsingar liggja fyrir verður tekin afstaða til þess hvort ráðist verður í breytingar á reglum nr. 295/2002 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga eða hvort úthlutun framlaga vegna framangreindra verkefna landshlutasamtakanna verði áfram á grundvelli heimildarákvæða í 11. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 960/2010 er fjallar um framlög til sérstakra verkefna.

Starfsemi Brusselskrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga júlí – desember 2011

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir helstu verkefni Brusselskrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga í júlí til desember 2011, ásamt upplýsingariti skrifstofunnar, „Frá Brussel til Breiðdalshrepps“, fyrir sama tímabil.

Á grundvelli framlaga vegna sérstakra verkefna, sbr. f-lið 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010 og samnings þar um, greiddi Jöfnunarsjóður framlag til reksturs skrifstofu sveitarfélaga í Brüssel að fjárhæð 15.600.000 kr. á árinu 2011.

ÚTGJALDAJÖFNUNARFRAMLÖG B-hluti

Umsókn Akureyrarkaupstaðar vegna barna úr Grímsey

Möguleg breyting á vinnureglum

Á fundi ráðgjafarnefndar 20. apríl sl. var lagt fram til umfjöllunar erindi Akureyrarkaupstaðar, dags. 30. mars 2012. Í erindinu er óskað er eftir aðkomu Jöfnunarsjóðs að kostnaði vegna ferða- og upphalds nemenda úr Grímsey sem stunda nám í 9. og 10. bekk á Akureyri þar sem Grímseyjarskóli er eingöngu fyrir nemendur í 1. – 8. bekk. Um er að ræða kostnað samtals að fjárhæð rúmlega 1.203.960 kr. á árinu 2011. Nefndin samþykkti að fresta afgreiðslu erindisins til næsta fundar.

Á fundinum samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að verða við óskum Akureyrarkaupstaðar um úthlutun framlags að fjárhæð allt að 1.203.960 kr. vegna framangreinds kostnaðar við ferðir og upphald nemenda úr Grímsey í tengslum við skólagöngu þeirra á Akureyri á árinu 2011. Úthlutun framlagsins verður felld undir verklagsreglur um úthlutun framlaga vegna skólaaksturs úr dreifbýli.

Við tillögugerð að úthlutun framlags vék Hermann Jón Tómasson fulltrúi Akureyrarkaupstaðar af fundi.

YFIRFÆRSLA Á REKSTRI GRUNNSKÓLANS

Endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun 2012

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun fyrir árið 2012 vegna yfurfærslu á rekstri grunnskólans.

Í áætluninni kemur fram hækkun á tekjum sjóðsins af áætlaðri 0,77% hlutdeild hans í álagningarstofni útsvars vegna yfurfærslu grunnskólans úr 7.018 m.kr. í 7.200 m.kr. eða sem nemur 182 m.kr. Af þeirri fjárhæð renna 85 m.kr. til hækkunar á framlögum vegna sérþarfa fatlaðra nemenda sem nema þá 1.756 m.kr. í stað 1.671 m.kr. Til almennra framlaga til reksturs grunnskóla renna 90 m.kr. sem nema þá 5.054 m.kr. í stað 4.964 m.kr.

Með tilvísun til þessa er áætlað að heildarúthlutun framlaga til sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla nemi 7.200 m.kr. á árinu 2012.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin endurskoðaða greiðslu- og rekstraráætlun vegna tekna sjóðsins og framlaga á árinu 2012.

FRAMLÖG VEGNA SÉRÞARFA FATLAÐRA NEMENDA

Tillaga um endurskoðaða heildaráætlun framlaga 2012

Á fundi ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs 10. nóvember 2011 lagði nefndin til við ráðherra að áætlað framlag vegna sérþarfa fatlaðra nemenda fjárhagsárið 2012 næmi um 820,9 m.kr. án framlagsins til Reykjavíkurborgar. Ráðherra samþykkti tillögu ráðgjafarnefndar þann 14. nóvember 2011.

Að teknu tilliti til viðbótarumsókna vegna ársins 2012 nemur heildaráætlun um úthlutun nú um 819,3 m.kr.

Eftirfarandi umsóknir hafa borist vegna fyrri ára:

Sveitarfélagið Skagafjörður sækir um framlag vegna fjárhagsársins 2011. Um einn nemanda er að ræða og fellur hann undir vinnu- og viðmiðunarreglur sjóðsins. Tillaga er gerð um úthlutun framlags að fjárhæð 2,2 m.kr. vegna ársins 2011. Við tillögugerð að viðbótarframlagi til Sveitarfélagsins Skagafjarðar vék nefndarmaðurinn Bjarni Jónsson af fundi.

Kjósarhreppur sækir um framlag vegna fjárhagsáranna 2007 – 2011. Um einn nemanda er að ræða og fellur hann undir vinnu- og viðmiðunarreglur sjóðsins. Tillaga er gerð um úthlutun framlags að fjárhæð 1,1 m.kr. vegna ársins 2011.

Með tilvísun til þess sem hér að framan greinir og mögulegra viðbótarumsókna á árinu samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að heildarúthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda á árinu 2012 næmi um 826,0 m.kr.

Endurskoðun samnings vegna reksturs sérskóla/sérdeilda

Í kjölfar heildarendurskoðunar á gildandi laga- og reglugerðarákvæðum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem fór fram á árunum 2009 og 2010 skipaði innanríkisráðherra í ársbyrjun 2011 starfshóp til að endurskoða eftirtalda samninga sem gerðir voru milli Reykjavíkurborgar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í tengslum við yfirfærslu grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga 1. ágúst 1996:

- Samningur um kennslu langveikra barna á grunnskólaaldri sem eiga lögheimili utan Reykjavíkurborgar en dvelja á sjúkrahúsum í borginni.
- Samningur um kennsluráðgjöf vegna nýbúa á grunnskólaaldri í sveitarfélögum öðrum en Reykjavíkurborg.
- Samningur um yfirtöku Reykjavíkurborgar á rekstri þeirra sérskóla og sérdeilda sem staðsett eru í Reykjavík og starfa á grunnskólastigi.

Fram kom að endurskoðun samningsins um kennslu langveikra barna og samningsins um kennsluráðgjöf vegna nýbúa á grunnskólaaldri í sveitarfélögum öðrum en Reykjavíkurborg væri nú lokið.

Vinna við endurskoðun samningsins um yfirtöku Reykjavíkurborgar á rekstri þeirra sérskóla og sérdeilda sem staðsett eru í Reykjavík og starfa á grunnskólastigi er nú á lokastigi. Á fundinum var gerð grein fyrir stöðu mála og mögulegri niðurstöðu hvað endurskoðun þess samnings varðar. Vonir standa til að nýr samningur liggi fyrir í júlí nk.

Hvað mögulega aukna fjárþörf á grundvelli nýja samningsins varðar þá kom fram á fundinum að hún muni rúmast innan endurskoðaðrar greiðslu- og rekstraráætlunar sjóðsins vegna yfirfærslu grunnskólans sem fjallað var um hér að framan.

**YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐRA
REGLUGERÐ UM FRAMLÖG JÖFNUNARSJÓÐS SVEITARFÉLAGA VEGNA ÞJÓNUSTU
VIÐ FATLAÐ FÓLK Á ÁRINU 2012**

Lögð var fram til kynningar ný reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á árinu 2012. Drögin að reglugerðinni voru lögð fram til umfjöllunar á fundi ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 26. apríl sl. Engar athugasemdir komu fram hjá nefndinni. Með tilvísun til þess voru drögin send Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar.

Umsögn sambandsins, dags. 29. maí 2012, var lögð fram til kynningar á fundinum. Í umsögninni kemur fram að ekki sé tilefni til mikilla athugasemda af hálfu sambandsins en nefnd eru sérstaklega 2 atriði:

Annars vegar var um að ræða tillögu um breytt orðalag í 4. gr. reglugerðarinnar er fjallar um NPA verkefnið. Með erklagsreglum um aðkomu Jöfnunarsjóðs að úthlutun framlaga v. NPA hefur verið komið til móts við þessa athugasemd sambandsins..

Hins vegar var um að ræða beiðni um breytingu á framsetningu á framlagi til sambandsins á grundvelli breytingakostnaðar, sbr. 5. gr. nýrrar reglugerðar. Í stað þess að tilgreina fjárhæðina leggur sambandið til að framlagið verði fest sem ákveðið hlutfall af tekjum Jöfnunarsjóðs af 0,95% hlutdeild hans í útsvarstofni vegna yfirfærslunnar. Fram kom að tekið hefði verið tillit til þessarar beiðni sambandsins í lokadrögum að reglugerðinni.

Ekki var um aðrar breytingar að ræða á reglugerðinni frá þeim drögum sem kynnt voru fyrir ráðgjafarnefndinni á fundinum 26. apríl sl.

ALMENN FRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK

Beiðni um endurskoðun á úthlutun framlaga 2011

Byggðasamlag Vestfjarða

Á fundi ráðgjafarnefndar 26. apríl sl. var til umfjöllunar erindi Byggðasamlags Vestfjarða, dags. 15. mars 2012, vegna rekstrar málefna fatlaðs fólks á Vestfjörðum. Í erindi byggðasamlagsins kemur fram að gert hafi verið ráð fyrir að til rekstrar málefna fatlaðs fólks á Vestfjörðum rynnu 230 m.kr. á árinu 2011. Af hálfu þjónustusvæðisins varð ljóst að þessir fjármunir nægðu ekki fyrir þeirri þjónustu sem sveitarfélögin tóku við af Svæðisskrifstofu Vestfjarða. Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að afgreiðslu erindisins væri frestað og málin skoðuð betur á milli funda.

Við yfirferð málsins á ný kom í ljós að á árinu 2009 hafi verið 10,5 m.kr. rekstrarafgangur af rekstri svæðisskrifstofunnar og er það mat forráðamanna þjónustusvæðisins að sú ákvörðun, við úthlutun fjármagns til svæðisskrifstofunnar árið 2010, að taka tillit til rekstrarafgangs árið 2009 hafi komið illa við þjónustusvæðið á árinu 2011, uppreiknaður hagnaður ársins 2009 er 12,6 m.kr. Þannig hafi úthlutun til svæðisskrifstofu ekki verið í takt við útgjaldaþarfir svæðisins á árinu 2010, enda hafi orðið 17,5 m.kr. halli á rekstrinum það ár. Ekki hafi verið tekið tillit til þess halla við úthlutun fjármagns til svæðisins á árinu 2011, en afgangur ársins 2009 hafi lækkað innstreymi fjármagns til svæðisins árið 2010.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að verða við beiðni Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks hvað úthlutun viðbótarframlags að fjárhæð 12,6 m.kr. vegna ársins 2011 varðar. Fram kom hjá nefndinni að umrædd hækkun á framlagi ársins 2011 væri heildarleiðrétting vegna ársins 2011 og hefði sú hækkun ekki áhrif til hækkunar á framlög ársins 2012.

Breiðabólstaður

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Sveitarfélagsins Árborgar, fyrir hönd þjónustusvæðis í málefnum fatlaðs fólks á Suðurlandi, dags. 18. apríl 2012, vegna einkarekins sambýlis fatlaðra að Breiðabólstað í Ölfusi.

Fram kemur í erindinu að rekstur sambýlisins hafi verið mjög erfiður á árinu 2011 og það sem af er árinu 2012 m.a. vegna óvenjulegrar þjónustubarfar þeirra einstaklinga sem þar búa og hafi Sveitarfélaginu Árborg af þeim sökum ekki tekist að ganga frá samningi við rekstraraðila sambýlisins vegna ársins 2012.

Í umfjöllun um erindi sveitarfélagsins kom fram að færa megi rök fyrir því að ekki hafi fylgt nægjanlegt fjármagn til reksturs sambýlisins við yfirfærslu málaflokksins.

Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að úthlutað væri framlagi til Sveitarfélagsins Árborgar fyrir hönd þjónustusvæðisins á Suðurlandi vegna málefna fatlaðra að fjárhæð 5,0 m.kr. til hækkunar á framlagi ársins 2011.

Fram kom hjá nefndinni að umrædd hækkun á framlagi ársins 2011 væri heildarleiðrétting vegna ársins 2011 og hefði sú hækkun ekki áhrif til hækkunar á framlög ársins 2012.

Flutningur fatlaðs fólks milli þjónustusvæða

Lagt var fram til kynningar erindi Samráðshóps félagsþjónustu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 4. júní 2012. Í erindinu kemur fram að við flutning fatlaðs fólks milli þjónustusvæða fylgi fjármunir ekki sjálfkrafa með einstaklingnum með því fyrirkomulagi sem viðhaft er við greiðslu framlaga úr Jöfnunarsjóði. Þetta hefði í för með sér að á sveitarfélag/þjónustusvæði félli kostnaður við þjónustu sem eftir atvikum kynni að vara allt að ári.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að erindi Samráðshóps félagsþjónustu sveitarfélaga væri vísað frá með hliðsjón af þeim reglum sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga starfar eftir hvað úthlutun annarra framlaga úr sjóðnum varðar.

MATSKERFI

Samningur við Háskólann á Akureyri – Staða mála

Á fundi ráðgjafarnefndar 20. apríl sl. fór fram kynning á vegum fulltrúa frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins á mati á stuðningsþörf fyrir börn, (SIS FOR CHILDREN) sem vonir standa til að hægt verði að innleiða á Íslandi.

Til umfjöllunar kom þá verkefni sem Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri væri að vinna að á grundvelli samnings milli innanríkisráðuneytisins vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, Rannsókn- og þróunarmiðstöðvar HA og velferðarráðuneytis. Markmið verkefnisins væri að taka saman upplýsingar um matskerfi sem nýtist sveitarfélögum til þessa að leggja samræmt og hlutlægt mat á stuðningsþörf í almennri og sértækri þjónustu innan félagsþjónustu sveitarfélaga.

Lagt var til á fundinum að aflað væri upplýsinga um hvar verkefnið væri stítt í ljósi þeirra ákvæða sem fram koma í 6. gr. reglugerðar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk en þar er kveðið á um hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hvað forgöngu um samræmt mat á landsvísu varðar.

Framangreindur samningur var lagður fram til kynningar á fundinum.

Samkvæmt nýlegum upplýsingum frá Háskólanum á Akureyri er vinnan á grundvelli samningsins á lokastigi og er skýrsla væntanleg innan skamms.

NOTENDASTÝRÐ PERSÓNULEG AÐSTOÐ

Fræðsluverkefni um NPA – Umsókn um framlag

Á fundi ráðgjafarnefndar 20. apríl sl. var erindi verkefnisstjórnar um NPA, dags. 17. apríl 2012, tekið til umfjöllunar. Í erindinu er gerð grein fyrir samþykkt verkefnisstjórnarinnar frá 17. apríl 2012 um að leggja til við ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að hluta af því fé sem verja á til þróunar á notendastýrðri persónulegri aðstoð verði varið til kynningar- og fræðsluverkefnis sem NPA miðstöðin

kæmi til með að annast. Með erindi verkefnisstjórnarinnar fylgdi kostnaðaráætlun vegna verkefnisins sem nemur um 10,6 m.kr.

Í umfjöllun ráðgjafarnefndar á fundinum 20. apríl sl. kom fram að hér væri um verðugt verkefni að ræða og samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu um aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að verkefninu á grundvelli ráðstöfunarfjármagns NPA verkefnisins sem nemur samtals 300 m.kr. á árunum 2011 - 2013.

Nefndin samþykkti jafnframt að óska eftir því við verkefnisstjórnina að kostnaðaráætlun kynningar- og fræðsluverkefnisins verði yfirfarin áður en tillögugerð um úthlutun framlags fer fram.

Yfirfarin kostnaðaráætlun hafði nú borist og var hún lögð fram til kynningar á fundinum. Áætlunin nemur nú um 9,7 m.kr. í stað 10,6 m.kr. áður.

Ráðgjafarnefndin samþykkti tillögu að úthlutun framlags vegna kynningar- og fræðsluverkefnis að fjárhæð allt að 9,7 m.kr. á grundvelli yfirfarinnar kostnaðaráætlunar verkefnisstjórnarinnar. Með tilvísun til ákvæða í 4. gr. nýrrar reglugerðar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2012, nr. 510/2012, verður leitað umsagnar samráðsnefndar um málefni fatlaðra um framangreinda tillögu ráðgjafarnefndarinnar.

Úthlutun framlaga - Verklagsreglur

Lagðar voru fram til kynningar verklagsreglur um úthlutun framlaga vegna NPA 2012 sem sendar verða sveitarfélögum og þjónustuvæðum með bréfi þar sem óskað verður eftir umsóknum vegna gerðra NPA samninga á tímabilinu júní – október 2012.

BREYTINGAKOSTNAÐUR

Umsókn frá NPA miðstöðinni – Tillaga að úthlutun framlags

Á fundi ráðgjafarnefndar 26. apríl sl. var lögð fram til umfjöllunar endurskoðuð umsókn NPA miðstöðvarinnar um framlag að fjárhæð 21,7 m.kr. til þróunar á starfsemi miðstöðvarinnar og til að veita umfangsmikla fræðslu og ráðgjöf sem er nauðsynleg vegna samninga um NPA sem gerðir verða á tímabilinu 1. apríl – 1. október 2012. Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að farið yrði betur yfir umsókn NPA miðstöðvarinnar og stefnt yrði að afgreiðslu hennar á næsta fundi.

Fram kom á fundinum að umsókn NPA miðstöðvarinnar hefði verið skoðuð á milli funda og samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að fram færi úthlutun framlags að fjárhæð 7,8 m.kr á grundvelli breytingakostnaðar vegna yfirfærslunnar á málefnum fatlaðra. Með tilvísun til ákvæða í 4. gr. nýrrar reglugerðar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2012, nr. 510/2012, verður leitað umsagnar samráðsnefndar um málefni fatlaðs fólks um framangreinda tillögu ráðgjafarnefndarinnar.

Skólaskrifstofa Austurlands

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu bréf frá Skólaskrifstofu Austurlands, dags. 23. apríl 2012, þar sem m.a. kemur fram athugasemd við úthlutun framlaga vegna breytingakostnaðar á árinu 2011.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að erindi Skólaskrifstofu Austurlands væri vísað til samráðsnefndar um málefni fatlaðs fólks.

ÖNNUR MÁL

Kynningarfundur með tengiliðum á þjónustusvæðum vegna málefna fatlaðra

Ráðgjafarnefndin fjallaði um kynningarfund með tengiliðum á þjónustusvæðum vegna málefna fatlaðs fólks sem haldinn var um morguninn í ráðstefnusal Þjóðminjasafnsins. Fram kom hjá nefndinni að vel hefði tekist til.

Tímabundin breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga

Á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 13. maí 2011 um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnámsins veitir ríkissjóður árlega framlag að fjárhæð 480,0 m.kr. vegna kennslukostnaðar í tónlistarskólum. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga annast úthlutun og greiðslur framlagsins á grundvelli reglna sem settar voru af innanríkisráðherra að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 5. október 2011 um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga skuldbinda sveitarfélögin sig á móti til að taka tímabundið yfir ný verkefni frá ríki sem nema 230,0 m.kr. á ársgrunni að meðaltali. Heildargreiðslur þeirra verkefna sem sveitarfélögin taka yfir nema 498,0 m.kr. yfir samningstímann, þ.e. frá 1. júlí 2011 til 31. ágúst 2013. Nauðsynlegar breytingar hafa verið gerðar á viðkomandi lögum í tengslum við samkomulagið.

Á grundvelli samkomulagsins frá 5. október 2011 var Jöfnunarsjóði sveitarfélaga falið að innheimta hlutdeild hvers sveitarfélags í þessum nýju verkefnum á grundvelli íbúafjölda með því að draga kostnað hvers sveitarfélags frá greiðslum á framlögum sjóðsins. Í bréfi til sveitarfélaganna, dags. 16. febrúar 2012, var gerð grein fyrir hlutdeild hvers sveitarfélags í þessum nýju verkefnum á árinu 2011.

Athugasemdir frá sveitarfélögum

Lögð voru fram til kynningar bréf Seyðisfjarðarkaupstaðar, dags. 20. apríl 2012, og Vestmannaeyjabæjar, dags. 18. apríl 2012, þar sem gerðar eru athugasemdir við samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá 13. maí 2011 um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnámsins og samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá 5. október 2011 um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Í umfjöllun ráðgjafarnefndarinnar kom fram að mikilvægt væri að fram kæmi í svari til sveitarfélaganna hvert hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga væri á grundvelli framangreindra samkomulaga.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að bréfum Seyðisfjarðarkaupstaðar og Vestmannaeyjabæjar væri vísað til Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi ráðuneyta.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 17:30.

Næsti fundur nefndarinnar verður líklega símafundur og verður hann boðaður sérstaklega.

Halldór V. Kristjánsson